BENT STEINSTEYPA, ýmis atriði, skýringar, athugasemdir og leiðbeiningar

1. STEINSTEYPA.

1.1 Brotþolsflokkun

Brotþolsflokkur steinsteypu sem nauðsynlegur er í hverjum byggingahluta er tilgreindur í 1.3. hér að neðan. Brotþolsflokkar eru skilgreindir samkvæmt ENV 206 og táknaðir með C15 til C50, þar sem talan táknar tilskilið brotþol 150 x 300 mm sívalninga.

1.2 Samsetning

Fylliefni steypunnar, þ.e. möl og sandur, skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar er varðar virkni fyrir alkali-kísil efnabreytingum. Sáldurferill fylliefna skal að jafnaði liggja innan marka sem sýnd eru á Rb blaði Rb.Ep.002. Öll steypa sem verður fyrir áhrifum frosts skal vera loftblendin og skal loftmagnið vera skv. 1.3 mælt á byggingastað með rúmmálsaðferð rétt áður en steypan er lögð í mót. Notkun íblöndunarefna er háð samþykki verkkaupa.

1.3 Upplýsingar um steypu

C20/25:XC1-32-steypa

Þessi steypa komi í þrifalag undir undirstöður og er ekki járnbent.
Steypan skal uppfylla eftirfarandi skilyrði.
Styrkleikaflokkur skv. ENV 206: C20.
Loftmagn 6 - 8% (mælt rétt fyrir niðurlögn og eftir dælingu, ef dælt er).
Vatns/sementshlutfall undir 0,60 .
Fjarlægðarstuðull < 0,20 mm (skv. ASTM C457).
Hámarkskornastærð er 32 mm, en hún skal vera minni ef þykkt lagsins
er svo lítil að kornin muni standa upp fyrir réttan yfirborðskóta.
Steypa skal þrifalag að jafnaði 50 mm þykkt undir allar undirstöður og skal það þá ná að minnsta kosti 50 mm út fyrir undirstöðubrún. Á þeim stöðum sem klöpp kann að vera ójöfn verður að jafna þann ójöfnuð með aukinni þykkt á þrifalagi. Skal þá miða við að neðri brún þrifalags nái jafn langt út fyrir undirstöðubrún og þykkt þess er á viðkomandi stað.

C30/37:XF3-19-steypa

Þessi steypa komi í allt húsið.
Steypan skal uppfylla eftirfarandi skilyrði.
Styrkleikaflokkur skv. ENV 206: C30.
Loftmagn 6 - 8% (mælt rétt fyrir niðurlögn og eftir dælingu ef dælt er).
Vatns/sementshlutfall undir 0,50.
Lágmarks sementsmagn: 320 kg/m3.
Hámarkskornastærð er almennt 19 mm.
Lágmarks sigmál 150 - 180 mm og skal því náð með sérvirkum þjálniefnum.
Fjarlægðarstuðull < 0,20 mm (skv. ASTM C457).

Í sumum tilfellum kann að vera nauðsynlegt að fara með sigmál enn hærra en það lágmarks sigmál sem nefnt er hér að ofan.

Tafla 1 Steypuhulur járna

Að jarðvegi Steypt á fyllingu / þrifalagssteypu 40 mm Undirstaða sem fyllt er að 30 mm
Súlur Súlur innanhúss 20 mm Súlur utanhúss (einangraðar og klæddar) 20 mm Súlur utanhúss (kaldar) 30 mm
Bitar Bitar innanhúss 20 mm Bitar utanhúss (einangraðir og klæddir) 20 mm Bitar utanhúss (kaldir) 30 mm
Veggir Innanhúss 20 mm. Utanhúss (einangraðir og klæddir að utan) 20 mm Utanhúss (kaldir fletir) 30 mm
Plötur Neðra borð 20 mm Efra borð innanhús (lagt í gólf eða flotað) 15 mm Efra borð innanhús (vélslípað) 25 mm Efra borð utanhús 40 mm Efra borð þakplötu undir dúk 20 mm
Þar sem raufar eru gerðar í steypuyfirborð skal járnahula skv. töflu 1 miðast við mál frá steypuyfirborði í rauf að járni.

Skýringar.

Sjá einnig viðeigandi verklýsingar Línuhönnunar, ásamt teikningum og verklýsingum annarra hönnuða sem tilheyra þessu verki.

ÚTG.	BREYTING	DAGS.	NAFN	YFIRF

A1

Borg í Grímsnesi
sundlaug og íþróttahús
BENT STEINSTEYPA
Skýringablað

TEIKNINÚMER	MÆLIKVARÐI	ÚTGÁFA
EF04BS B-101		

Línuhönnun verkfræðistofa
SÍMI: 585 1500, FAX: 585 1501

	NAFN	DAGSETNING
HANNAÐ	HÞG	16.08.2005
TEIKNAÐ	HIS	16.08.2005
YFIRFARIÐ	AF	16.08.2005

SAMÞ. 300708-2209

M:\fasteign\borg i grimsnesi\teikningar th\burðarþol\skyringablad-borg grimsnesi